

FUNDARGERÐ FRÆDSLURÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

176. fundur fræðsluráðs Húnaþings vestra miðvikudaginn 2. nóvember kl. 15:00 í fundarsal ráðhússins.

Fundinn sátu:

Mætt á fundinn Magnús Magnússon formaður, G. Kristín Ólafsdóttir varaformaður, Sigrún Waage aðalmaður, Ingibjörg Auðunsdóttir aðalmaður og Anna Birna Þorsteinsdóttir varamaður..

Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

Fundarritari:

Guðný Hrund Karlsdóttir

Dagskrá:

1. Guðrún Lára Magnúsdóttir skólastjóri leikskólans, Sigurður Þór Ágústsson skólastjóri grunnskólans og Kristín Ólöf Þórarinsdóttir aðstoðarskólastjóra grunnskólans mæta á fundinn.
2. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Formaður býður skólastjórnendum Guðrúnu Láru, Sigurð Þór og Kristínu Ólöfu, Láru Ann Howser fulltrúa kennara í grunnskólanum og Gerði Rósu Sigurðardóttur fulltrúar kennara og foreldra í leikskólanum, velkomin á fundinn.
Guðrún Lára segir frá starfsmannahaldi í leikskólanum. Staða matráðs var auglýst í september og hefur Hjördís Bára Sigurðardóttir verið ráðin. Þá hefur Gerður Rósa Sigurðardóttir hafið störf aftur eftir fæðingarorlof en hún mun staldra stutt við, hefur sagt upp störfum og þarf því að auglýsa stöðu hennar. Barnafjöldi í leikskólanum er nú 53. Stöðugildi starfsmanna eru 12,9. Aukið samstarf er nú á milli skólastiga með megin áherslu í stærðfræði. Nemendur leikskóla, vinnustundahópur, fer nú í grunnskólann einu sinni í viku og fara í námsefni 1. bekkjar. Einnig er unnið með efnið í leikskólanum. Gert er ráð fyrir að börnin geti farið beint í kennsluefni 2. bekkjar þegar þau mæta í 1. bekk. Starfsmenn leikskólans eru jafnhliða að leggja inn stærðfræðiefni sem heitir NumericUpDown. Þá geta börn farið heim með námsefni og unnið þar. Mikil ánægja er með samstarfið, bæði meðal barna og kennara leik- og grunnskóla.
Guðrún Lára kynnir ferli stoðþjónustu í leikskólanum, hvað gerist frá því að barn greinist með frávik og þar til málið er komið í farveg, hvaða þjónusta frá hvaða fagaðilum er notuð og skimanir í leikskóla og heilsugæslu.
Sigurður Þór segir frá því að ferli stoðþjónusta í grunnskólanum sé sambærileg því sem er í leikskólanum. Skimanir eru framkvæmdar reglulega til að hægt sé að grípa inni ef stefnir í frávik, m.a. í lestri og talnaþjálfun hjá ákveðnum árgöngum. Þá hefur eftirfylgni með málum verið eflað. Sigurður Þór og Guðrún Lára eru sammála um að mjög vel sé gert í skólamálu í Húnaþingi vestra bæði hvað varðar þjónustu og fjármagn, fyrir það ber að þakka.
Formaður þakkar gestum fyrir komuna á fundinn.
2. Önnur mál.
Engin önnur mál.

Ekki fleira tekið fyrri fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið 16:02

Magnús Magnússon

G. Kristín Ólafsdóttir

Anna Birna Þorsteinsdóttir

Ingibjörg Rósa Auðunsdóttir

Sigrún Waage

Guðný Hrund Karlsdóttir